

Dags. 1. september 2008

Stjórnvaldssekt vegna brots á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 27. maí 2008 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Tryggingamiðstöðina hf., vegna brots á 126. gr. laga nr. 107/2008 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Tryggingamiðstöðin hf., hefði brotið gegn 126. gr. vvl. með því að tilkynna ekki um víðskipti sem urðu með bréf í félaginu innan tilskilinna tímamarka. Samkvæmt 126. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs um víðskiptin til Fjármálaeftirlitsins.

Um var að ræða víðskipti með 456.961 hluti í Tryggingamiðstöðinni hf. á genginu 47 kr. á hvern hlut og áttu þau sér stað 20. febrúar 2008 en voru ekki tilkynnt fyrir en 22. febrúar 2008.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti og 141. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 1.000.000.